

Héraðsnefnd
Árnesinga bs.

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun fulltrúaráðs.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla og áritun fulltrúaráðs

Héraðsnefnd Árnesinga bs. er byggðasamlag og er verkefni þess að annast yfirstjórn tiltekinna stofnana fyrir hönd sveitarfélaga sem eru aðilar að byggðasamlaginu. Auk þess annast byggðasamlagið önnur verkefni sem aðildarsveitarfélögin fela því.

Aðild að byggðasamlaginu eiga sveitarfélög í Árnessýslu, Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Flóahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Hrunamannahreppur.

Rekstrarniðurstaða byggðasamlagsins á árinu 2021 var neikvæð að fjárhæð 2,7 millj. kr. Eigið fé byggðasamlagsins var 4,1 millj. kr. í árslok 2021 samkvæmt efnahagsreikningi.

Á árinu voru greidd laun að fjárhæð 4,7 millj. kr. auk launatengdra gjalda að fjárhæð 0,7 millj. kr.

Fulltrúaráð Héraðsnefndar Árnesinga bs. staðfestir hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Eyrarbakka, 9. maí 2022.

Fulltrúaráð:

Fjárhaldsmaður:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til fulltrúaráðs Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Héraðsnefndar Árnesinga bs. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Héraðsnefndar Árnesinga bs. 31. desember 2021 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð Héraðsnefnd Árnesinga bs. í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð fulltrúaráðs og fjárhaldsmanns á ársreikningnum

Fulltrúaráð og fjárhaldsmaður eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber fulltrúaráði að leggja mat á rekstarhæfi Héraðsnefndar Árnesinga bs. og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstarhæfi, nema það ætli annað hvort að leysa Héraðsnefnd Árnesinga bs. upp eða hætta starfsemi nefndarinnar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Framkvæmdastjórn og fjárhaldsmaður skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits nefndarinnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun fulltrúaráðs á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi Héraðsnefndar Árnesinga bs. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert Héraðsnefnd Árnesinga bs. órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum fulltrúaráð meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu fulltrúaráðs sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 9. maí 2022.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2021

	Skýr.	2021	Fjárhagsáætlun 2021	2020
Rekstrartekjur				
Framlög aðildarsveitarfélaga	6	174.880.000	174.880.000	167.448.000
		<u>174.880.000</u>	<u>174.880.000</u>	<u>167.448.000</u>
Rekstrargjöld				
Stjórnunarkostnaður	7	6.957.731	5.700.000	5.414.753
Framlög til safna	8	136.230.000	136.230.000	124.598.000
Framlög til FSu	9	31.100.000	31.100.000	30.500.000
Ýmsir styrkir	10	1.850.000	1.850.000	1.850.000
Önnur verkefni	11	1.572.274	0	222.414
		<u>177.710.005</u>	<u>174.880.000</u>	<u>162.585.167</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(2.830.005)	0	4.862.833
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur	12	84.101	0	29.591
Vaxtagjöld	13	0	0	(1.647)
		<u>84.101</u>	<u>0</u>	<u>27.944</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	4	<u>(2.745.904)</u>	<u>0</u>	<u>4.890.777</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
Fastafjármunir			
Langtímakröfur	3	220.843.409	268.745.999
		<u>220.843.409</u>	<u>268.745.999</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur	14	2.981.523	2.391.229
Handbært fé		53.328.677	11.334.812
Veltufjármunir samtals		<u>56.310.200</u>	<u>13.726.041</u>
	Eignir samtals	<u>277.153.609</u>	<u>282.472.040</u>
Eigið fé			
Eigið fé	4	4.072.173	6.818.077
Eigið fé samtals		<u>4.072.173</u>	<u>6.818.077</u>
Langtímaskuldir			
Langtímalán	5	249.996.026	255.137.955
Langtímaskuldir samtals		<u>249.996.026</u>	<u>255.137.955</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		469.899	7.686
Næsta árs afborganir langtímalána	5	17.499.586	16.137.774
Aðrar skammtímaskuldir	15	5.115.925	4.370.548
Skammtímaskuldir samtals		<u>23.085.410</u>	<u>20.516.008</u>
Skuldir samtals		<u>273.081.436</u>	<u>275.653.963</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>277.153.609</u>	<u>282.472.040</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	4	(2.745.904)	4.890.777
Veltufé (til) frá rekstri		(2.745.904)	4.890.777
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun)		(590.294)	(522.478)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		1.207.551	(482.999)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		617.257	(1.005.477)
Handbært fé (til) frá rekstri		(2.128.647)	3.885.300
Fjárfestingarhreyfingar			
Greidd vaxtagjöld af láni vegna stofnframlags til FSu	3	(9.272.305)	(9.381.992)
Framlög sveitarfélaga vegna stofnframlags til FSu	3	25.100.000	24.500.000
Endurgreiðsla stofnframlags frá FSu	3	44.773.986	0
Fjárfestingarhreyfingar		60.601.681	15.118.008
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(16.479.169)	(15.294.936)
Fjármögnunarhreyfingar		(16.479.169)	(15.294.936)
Breyting á handbæru fé		41.993.865	3.708.372
Handbært fé í ársbyrjun		11.334.812	7.626.440
Handbært fé í árslok		53.328.677	11.334.812

Skýringar

1. Reikningsskilaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2021 er birt í ársreikningnum til samanburðar.

Byggðasamlagið annast yfirstjórn og rekstur eftirtalinna stofnana fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að byggðasamlaginu:

Listasafn Árnesinga
Byggðasafn Árnesinga
Héraðsskjalasafn Árnesinga
Tónlistarskóli Árnesinga
Almannavarnir Árnessýslu
Brunavarnir Árnessýslu

Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir þessar stofnanir.

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Í árslok 2020 átti byggðasamlagið helmings eignarhlut í jörðunum Alviðru og Öndverðarnesi II á móti Landvernd. Á árinu 2021 gerðu Héraðsnefnd Árnesinga bs. og Landvernd makaskiptasamning vegna Alviðru og Öndverðarnesi II. Helmings eignarhluti Landverndar í Öndverðarnesi II kom í eignarhlut Héraðsnefndar og helmings eignarhluti Héraðsnefndar í Alviðru kom í eignarhlut Landverndar. Stangveiðiréttur sem fylgir jörðinni Öndverðarnesi II var framseldur til Landverndar til 10 ára, sbr. samningi. Allar eignir að Alviðru, lausa- og fastafjármunir Alviðrustofnunar og tekjustofnar falla í hlut Landverndar. Jarðir þessar voru í eigu Sýslunefndar Árnessýslu og urðu eign Héraðsnefndar Árnesinga þegar hún tók við hlutverki sýslunefndarinnar.

Þá er í eigu byggðasamlagsins landið Áshildarmýri og aðliggjandi landspilda. Lendurnar eru úr jörðinni Kílhrauni, en Árnesingafélagið í Reykjavík afsalaði þeim til byggðasamlagsins á árinu 2018. Framangreindar jarðir og lendur eru ekki skráðar til verðs í ársreikningnum.

3. Langtímakröfur

Langtímakröfur greinast þannig:

	Staða
Staða í ársbyrjun	268.745.999
Endurgreiðsla stofnframlags frá FSu	(44.773.986)
Vaxtagjöld af láni vegna stofnframlags til FSu	9.272.305
Verðbætur af láni vegna stofnframlags til FSu	12.699.091
Framlög sveitarfélaga vegna stofnframlags	(25.100.000)
	<u>220.843.409</u>

Héraðsnefndin sér um að fjármagna hlutdeild sveitarfélaganna í Árnessýslu í stofnframlagi vegna viðbyggingar við Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu). Upphaflegt stofnframlag var 264,8 millj. kr. á árinu 2016 og við bættist framlag að fjárhæð 30,0 millj. kr. á árinu 2017. Á árinu 2021 var hluti stofnframlagsins endurgreiddur, 44,8 millj. kr. vegna uppgjors við Framkvæmdasýslu ríkisins.

Á árinu 2016 tók byggðasamlagið lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til 18 ára til að fjármagna framlagið, sbr. skýringu nr. 5. Greidd stofnframlög til FSu og kostnaður af fjármögnuninni er færður sem langtímakrafa í efnahagsreikningi. Sveitarfélögin munu greiða framlög til byggðasamlagsins á næstu árum til að mæta þessum útgjöldum og verða þau færð til lækkunar á langtímakröfunni.

Skýringar, frh.

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	Eigið fé
Staða 1.1.2021	6.818.077
Rekstrarniðurstaða ársins	(2.745.904)
Staða 31.12.2021	<u>4.072.173</u>

5. Langtímaskuldir

Lánveitandi	Vísitala	Gjaldmiðill	Vaxtakjör	Staða
Lánasjóður sveitarfélaga	nvt	ISK	3,4%	267.495.612
Næsta árs afborganir				(17.499.586)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi				<u>249.996.026</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

Árið 2022	17.499.586
Árið 2023	18.099.630
Árið 2024	18.720.249
Árið 2025	19.362.146
Árið 2026	20.026.055
Síðar	173.787.946
	<u>267.495.612</u>

	2021	Fjárhagsáætlun 2021	2020
6. Framlög aðildarsveitarfélaga			
Bláskógabyggð	11.524.592	11.524.592	11.269.250
Flóahreppur	6.732.880	6.732.880	6.580.706
Grímsnes- og Grafningshreppur	6.767.856	6.767.856	6.363.024
Hrunamannahreppur	7.624.768	7.624.768	7.417.946
Hveragerðisbær	24.745.520	24.745.520	24.079.022
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	5.980.896	5.980.896	6.597.451
Sveitarfélagið Árborg	89.678.464	89.678.464	83.774.236
Sveitarfélagið Ölfus	21.825.024	21.825.024	21.366.365
	<u>174.880.000</u>	<u>174.880.000</u>	<u>167.448.000</u>

7. Stjórnunarkostnaður

Nefndarlaun	3.255.052	2.200.000	2.092.123
Stjórnun og bókhald	1.410.266	1.400.000	1.329.265
Launatengd gjöld	685.246	550.000	515.826
Fundakostnaður	202.000	200.000	0
Endurskoðun og reikningsskil	854.200	850.000	834.600
Lögfræðipjónusta	140.250	0	272.150
Auglýsingar	138.871	0	0
Heimasíðugerð og þjónusta	260.000	200.000	342.000
Annar kostnaður	11.846	300.000	28.789
	<u>6.957.731</u>	<u>5.700.000</u>	<u>5.414.753</u>

Skýringar, frh.

	2021	Fjárhagsáætlun 2021	2020
8. Framlög til safna			
Héraðsskjalasafn Árnesinga	33.830.000	33.830.000	32.320.000
Byggðasafn Árnesinga	60.400.000	60.400.000	51.300.000
Listasafn Árnesinga	42.000.000	42.000.000	40.978.000
	<u>136.230.000</u>	<u>136.230.000</u>	<u>124.598.000</u>
9. Framlög til FSu			
Gjaldfært stofnframlag til FSu	25.100.000	25.100.000	24.500.000
FabLab samningur	6.000.000	6.000.000	6.000.000
	<u>31.100.000</u>	<u>31.100.000</u>	<u>30.500.000</u>
10. Ýmsir styrkir			
Samband sunnlenskra kvenna	300.000	300.000	300.000
Björgunarsveitir Árnessýslu	300.000	300.000	300.000
Héraðssambandið Skarphéðinn	1.250.000	1.250.000	1.250.000
	<u>1.850.000</u>	<u>1.850.000</u>	<u>1.850.000</u>
11. Önnur verkefni			
Sérfræðipjónusta vegna öryggisúttektar	0		195.000
Sérfræðipjónusta vegna húsnæðis Héraðsskjalasafns	1.543.479		0
Fasteignagjöld af jörðum	28.795		27.414
	<u>1.572.274</u>	<u>0</u>	<u>222.414</u>
12. Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur	107.822		37.937
Fjármagnstekjuskattur	(23.721)		(8.346)
	<u>84.101</u>	<u>0</u>	<u>29.591</u>
13. Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld af langtímaláni	(9.272.305)		(9.381.992)
Verðbætur af langtímaláni	(12.699.091)		(9.365.318)
Fært til hækkunar langtímakröfu sbr. skýringu 3	21.971.396		18.747.310
Önnur vaxtagjöld	0		(1.647)
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(1.647)</u>
		2021	2020
14. Skammtímaskuldir			
Hveragerðisbær		2.060.000	2.079.022
Skatturinn v/endurkrefjanlegs vsk		921.523	312.207
		<u>2.981.523</u>	<u>2.391.229</u>
15. Aðrar skammtímaskuldir			
Áfallnir vextir		2.172.659	2.203.362
Ógreidd lífeyrissjóðsiðgjöld		564.509	417.801
Ógreidd staðgreiðsla		2.071.402	1.514.501
Ógreitt tryggingagjald		307.355	234.884
		<u>5.115.925</u>	<u>4.370.548</u>